

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 88/2024

2024/EES/60/06

frá 26. apríl 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2194 frá 19. október 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar flokkun efnisins ketóprófens með tilliti til hámarksgildis leifa í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2203 frá 20. október 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar flokkun efnisins rafoxaníðs með tilliti til hámarksgildis leifa í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32023 R 2194:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2194 frá 19. október 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2194, 20.10.2023),
- **32023 R 2203:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2203 frá 20. október 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2203, 23.10.2023).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/2194 og (ESB) 2023/2203, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2194, 20.10.2023.⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2203, 23.10.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.